



Uppgjör Landsbankans

2012



7. mars 2013

Fréttatilkynning v. ársreiknings 2012


Hagnaður ársins 25,5 milljarðar króna

Rekstrarhagnaður Landsbankans nam 25,5 milljörðum króna eftir skatta á árinu 2012 samanborið við 17,0 milljarða króna á árinu 2011. Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 12,0% samanborið við 8,4% arðsemi á árinu 2011. Eiginfjárhlutfall bankans (CAR – Capital Adequacy Ratio) hefur aldrei verið hærra og nam það 25,1%. Í ársbyrjun 2010 var hlutfallið 14,9%.

Steinþór Pálsson, bankastjóri segir:

„Afkoma ársins 2012 er góð og bankinn býr að sterkri eiginfjár- og lausafjárstöðu sem gefur honum sóknarfæri. Styrkur bankans felst ekki síður í viðskiptavinum hans og er sérstaklega ánægjulegt að sjá að ánægðustu viðskiptavinir fjármálafyrirtækja eru hjá Landsbankanum samkvæmt Íslensku ánægjuvöginni. Enn er þó verk að vinna. Tryggja þarf bankanum örugga langtímafjármögnun eigi síðar en 2015, ljúka endurskipulagningu skulda viðskiptavina, fá niðurstöðu um endurútreikning gengistryggðra lána og tryggja hagkvæmni í rekstri þannig að stöðugt sé hægt að bæta þjónustuna við viðskiptavinum og skila þeim, hluthöfum og samfélaginu ávinningi af starfi bankans til framtíðar.“

Eiginfjárhlutfall (CAR)



Kennitölur (allar tölur í milljónum króna)	2012	2011
Hagnaður eftir skatta	25.494	16.957
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	12,0%	8,4%
Eiginfjárhlutfall (CAR)*	25,1%	21,4%
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	3,2%	2,9%
Kostnaðarhlutfall**	45,0%	40,6%
Heildareignir	1.084.787	1.135.482
Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina	158,2%	144,1%
Stöðugildi	1.233	1.311

* Capital Adequacy Ratio (CAR) ** Kostnaðarhlutfall = Rekstrargjöld alls / (Hreinar rekstrartekjur - virðisbreytingar útlána)

Rekstrarreikningur

Rekstrarhagnaður bankans á árinu 2012 nam 25,5 milljörðum króna í samanburði við 17,0 milljarða króna á árinu 2011. Stórar sveiflur eru í rekstrarliðum milli ára og endurspeglar það þá óvissu sem enn er í rekstrarumhverfi bankans. Á árinu 2011 gjaldfærði bankinn háar fjárhæðir vegna gengislánadóma en innleysti á móti umtalsverðan hagnað af sölu hlutabréfa og annarra eigna. Rekstrarkostnaður jókst á árinu 2012 meðal annars vegna aukinnar skattlagningar á laun, hærri gjalda vegna rekstrar eftirlitsaðila og hærri iðgjalds í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Eftir því sem óvissu léttir munu sveiflur í rekstrarafkomu minnka og skýrari mynd komast á grunnrekstur bankans.


Hreinar vaxtatekjur námu 35,6 milljörðum króna á árinu 2012 í samanburði við 32,6 milljarða króna á árinu 2011. Auknar hreinar vaxtatekjur skýrast meðal annars af innborgun inn á skuldabréfið við LBI og áhrifum af yfirtöku SpKef sem var ekki að fullu inn í rekstrarreikningi 2013. Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna var 3,2% á árinu 2012 en 2,9% á árinu 2011. Auk skýringa er lúta að auknum hreinum vaxtatekjum má rekja hækkunina til aukins hlutfalls vaxtaberandi eigna af heildareignum, lægri skuldsetningu og hækkandi eiginfjárstöðu.

Hreinar þjónustutekjur námu 4,4 milljörðum króna á árinu 2012 sem er sama fjárhæð og á árinu 2011.

Á árinu 2012 færir bankinn 4,6 milljarða króna til tekna undir liðnum gjald-eyrisingismunur. Á árinu 2011 færði bankinn hinsvegar um 800 milljónir króna til gjalda vegna gjaldeyrisstöðu sinnar.

Aðrar rekstrartekjur námu 8,9 milljörðum króna á árinu 2012 í samanburði við 18,0 milljarða króna á árinu 2011. Munurinn skýrist aðallega af hagnaði af eignum til sölu, en bankinn seldi meðal annars stóran eignarhlut í Framtakssjóði Íslands á árinu 2011. Aðrar rekstrartekjur ársins 2012 skiptast í hagnað af hlutabréfum um 6 milljarðar króna og 3ja milljarða króna tekjur af markaðsskuldabréfum.

Arðsemi eigin fjár eftir skatta



Rekstrarreikningur (m.kr.)	2012	2011	Breyting	%
Hreinar vaxtatekjur	35.584	32.649	2.935	9%
Virðisbreyting	-4.391	-23.587	19.196	-81%
Hreinar vaxtatekjur eftir virðisbreytingu	31.193	9.062	22.131	224%
Hreinar þjónustutekjur	4.448	4.424	24	1%
Gjaldeyrisgengismunur	4.566	-759	5.325	701%
Aðrar rekstrartekjur	8.934	18.017	-9.083	-50%
Afkoma fyrir rekstrarkostnað	49.141	30.743	18.398	60%
Rekstrarkostnaður	24.105	22.055	2.050	9%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага, að frádr. skatti	2.449	1.418	1.031	73%
Hagnaður fyrir skatta	27.485	10.105	17.380	172%
Áætlaður tekju- og bankaskattur	4.125	-597	4.722	-791%
Hagnaður af reglulegri starfsemi	23.360	10.703	12.657	118%
Hagnaður af aflagðri starfsemi, að frádrægnum skatti	2.134	6.255	-4.121	-66%
Hagnaður tímabilsins	25.494	16.957	8.537	50%

Skattar (m.kr.)	2012	2011	Breyting	%
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki ¹	1.200	814	386	47%
Sérstakur fjársýsluskattur á laun ²	620	0	620	
FME og Umboðsmaður skuldara	620	517	103	20%
Tryggingasjóður innstæðueigenda	1.042	583	459	79%
Reiknaður tekjuskattur	2.925	-1.411	4.336	

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður hækkaði nokkuð á árinu 2012. Stór hluti af hækkuninni tengist auknum opinberum álögum og starfsemi sem rekja má til sameininga við önnur fjármálafyrirtæki, auk kostnaðar við hagræðingu og endurskipulagningu skulda viðskiptavina. Þrátt fyrir aukinn rekstrarkostnað var kostnaðarhlutfallið viðunandi og var það 45% fyrir árið 2012. Markmið bankans er að kostnaðarhlutfall sé jafnan innan við 50%. Kostnaðarhlutfallið sýnir hlutfall rekstrargjalda bankans á móti hreinum rekstrartekjum að undanskildum virðisbreytingum útlána.

Launakostnaður hækkar um 10% á milli ára en þar af er um helmingur vegna sérstaks fjársýsluskatts sem nú leggst á fjármálafyrirtæki.

Virðisbreyting lánasafns

Virðisbreytingar útlána hafa áfram mikil áhrif á sveiflur í rekstrarafkomu. Á árinu 2012 er færð virðisrýrnun á útlán upp á 4,4 milljarða króna í samanburði við 23,6 milljarða virðisrýrnun á árinu 2011. Breytingin milli ára skýrist fyrst og fremst af dómum um ólögmæti gengistryggðra lána sem féllu á árinu 2011 og varúðarfærslu vegna þeirra.

Frá því gengið var frá kaupum Landsbankans á eignum LBI hf. hefur Landsbankinn gjaldfært um 20,4 milljarða króna vegna virðisrýrnunar lánasafnsins. Þar af hefur bankinn gjaldfært um 15,8 milljarða vegna lánasafns einstaklinga og um 4,6 milljarða króna vegna lánasafns fyrirtækja.

¹ Skattur sem byggir á bókfærðu virði skulda í lok árs.

² 5,45% skattur á laun. Bókast meðal launa og tengdra gjalda í árshlutareikningi.

Endurskipulagning skulda viðskiptavina

Endurskipulagning skulda einstaklinga og fyrirtækja hefur verið eitt af meginverkefnum Landsbankans undanfarin ár.

Öll ólögmæt gengistryggð lán í Landsbankanum hafa verið endurútreiknuð en vegna dóma Hæstaréttar nr. 600/2011 og 464/2012, þá mun bankinn þurfa að endurreikna lán til samræmis við niðurstöður þessara dómsmála. Að mati Landsbankans hafa dómur Hæstaréttar ekki umtalsverð áhrif á fjárhag bankans, umfram það sem áður hefur verið gerð grein fyrir. Í uppgjöri fyrir árið 2011 voru gjaldfærðir 38 milljarðar króna undir liðnum „Tap af gengistryggðum útlánnum og kröfum á viðskiptavini“ til samræmis við sviðsmynd sem FME óskaði eftir að fjármálafyrirtæki notuðu sem viðmið við útreikning á áhrifum dóms Hæstaréttar nr. 600/2011. Til viðbótar hafa verið gjaldfærðir 2,1 milljarður á árinu 2012 í kjölfar dóms nr. 464/2012. Að mati bankans þarf fleiri dómsmál til að hægt verði að klára alla endurútreikninga.

Í árslok hafði Landsbankinn lokið endurskipulagningu skulda tæplega 1200 fyrirtækja. Flest öll þeirra fyrirtækja sem áttu í erfiðleikum og bankinn mat sem lífvænleg þegar hafist var handa við það umfangsmikla verkefni að endurskipuleggja skuldir íslenskra fyrirtækja í kjölfar hrunsins í október 2008, hafa nú fengið lausn sinna mála.

Fjármögnun

Fjármögnun Landsbankans skiptist í fjóra þætti. Innlán frá viðskiptavinum er stærsti fjármögnunarliður bankans og námu þau um 421 milljarði króna í lok árs 2012 og drógust lítillega saman. Þá fjármagnar bankinn sig með lántöku í formi skuldabréfaútgáfa sem og með innlánnum frá fjármálafyrirtækjum. Síðast en ekki síst fjármagnar bankinn sig með framlagi eigenda í formi eigin fjár.

Innlán fjármálafyrirtækja


Innlán fjármálafyrirtækja eru rúmlega 90 milljarðar króna og ber þar helst að nefna innlán frá erlendum fjármálafyrirtækjum í íslenskum krónum. Innlánin hafa lækkað á síðustu tveimur árum og tengist það þátttöku erlendu fjármálafyrirtækjanna í gjaldeyrisútboðum Seðlabanka Íslands þar sem færi gefst á að skipta aflandskrónum fyrir evrur.

Innlán viðskiptavina

Innlán viðskiptavina eru sem fyrr segir stærsti einstaki fjármögnunarliður bankans. Mikill meirihluti innlána bankans er óverðtryggður og óbundinn.

Undanskilin eru fastvaxtainnlán sem bættust við vöruframboð bankans á seinni hluta ársins 2011, en þau hafa reynst mjög stöðug fjármögnun undanfarin misseri. Verðtryggð innlán námu rúmum 100 milljörðum króna í árslok 2012.

Innlán frá viðskiptavinum



Lántaka og uppgjör við LBI hf.

Lántaka Landsbankans í núverandi formi er eingöngu skuldabréfaútgáfa til LBI hf., en um hana var samið við tilfærslu eigna og skulda frá Landsbanka Íslands hf. til Landsbankans. Um er að ræða tvíþætta lántöku; skuldabréf „A“ og skilyrt skuldabréf (e. Contingent Bond).


» Skuldabréf (Bond A)

Skuldabréfið er í EUR, USD og GBP. Bréfið er með ársfjórðungslegum afborgunum, fyrsti gjalddagi höfuðstóls var 2014 og lokagjalddagi er 2018. Landsbankinn mun greiða næst af bréfinu 2015 þar sem hann greiddi upp á öðrum ársfjórðungi 2012 fyrstu fimm gjalldaga bréfsins með fyrirframgreiðslu til LBI hf.

» Skilyrt skuldabréf

Skilyrta skuldabréfið er tengt mögulegri virðisaukningu á hluta af lána-safni Landsbankans. Vaxtakjör og afborganaferli skilyrta skuldabréfsins er hið sama og á ofangreindu skuldabréfi. Skilyrta skuldabréfið verður gefið út í lok mars 2013 og mun bera vexti frá ársbyrjun sama árs. Bókfærð staða skilyrta skuldabréfsins m.v. 31. desember 2012 var rúmir 87 milljarðar króna. Endanleg fjárhæð á bréfinu byggist á mati erlendra sérfræðinga á skilgreindum eignum og getur hæst orðið 92 milljarðar króna. Verði niðurstaða þeirra önnur en í uppgjöri bankans breytist fjárhæð skuldabréfsins og hugsanlega getur komið til breytinga á eignum til samræmis og færast þá slíkar breytingar í bækur bankans á árinu 2013. Ef útgáfa skilyrta skuldabréfsins nær hámarki mun LBI hf. láta alla eignarhluti sína í Landsbankanum af hendi en annars hlutfallslega miðað við útgáfufjárhæð. Stærsti hluti hlutabréfanna mun renna til ríkisins en allt að 2% af heildarhlutafé í Landsbankanum gæti runnið til starfsmanna.

Afborganir til LBI, að óbreyttu



Erlend endurfjármögnun

Landsbankinn hefur að leiðarljósi að tryggja á hverjum tíma bestu mögulegu fjármögnun bankans. Stór þáttur í því er aðgengi bankans að erlendum lánamörkuðum. Stefnir er að því að endurfjármagna, að minnsta kosti að hluta, skuldir bankans við LBI hf. með skuldabréfaútgáfu á alþjóðlegum lánamörkuðum eigi síðar en árið 2015 ef ekki koma til önnur úrræði. Til þess að styðja við það markmið vinnur bankinn nú að því að afla sér láns-hæfismats hjá alþjóðlegum matsfyrirtækjum á lánamarkaði.

Sértryggð skuldabréf

Landsbankinn stefnir að því að gefa út sértryggð skuldabréf, sem skráð verða í Kauphöll Íslands. Útgáfa sértryggðu skuldabréfanna er hugsuð sem fjármögnun fyrir íbúðalánasafn bankans og ekki síður til lágmarkunar á fastvaxtaáhættu bankans.

Áhrif virðisbreytinga útlána á rekstur Landsbankans (m.kr.)

Endurmat útlánasafna	127.520
Bókfært tap vegna ólögðætrar gengistryggingar	-61.003
Skilyrt skuldabréf	-87.474
Samtals	- 20.957

Þegar tekið hefur verið tillit til endurmats eignasafna Landsbankans, áhrifa af ólögðætri gengistryggingu útlána og útgáfu skilyrts skuldabréfs eru áhrif á rekstur bankans neikvæð um 21 milljarð króna.

Afkoma ríkisins af fjárfestingu í Landsbankanum (m.kr.)

Upphafleg fjárfesting	122.000
Verðmæti eignarhlutar 2012 ³	218.822
Virðisbreyting	96.822

Greiddir vextir	36.495
Greiddur arður	-
Núvirðing vaxta- og arðgreiðslna	5.090
Fjármagnskostnaður	41.585

Hrein afkoma ríkisins	55.237
------------------------------	---------------


Þrátt fyrir neikvæða afkomu af ofangreindum liðum hefur afkoma Ríkissjóðs af fjárfestingu í Landsbankanum verið með ágætum. Ríkissjóður greiddi fyrir sinn hlut í Landsbankanum í formi skuldabréfs, RÍKH18, að nafnvirði 122 milljarðar króna. Frá því að samningar tókust hefur Ríkissjóður greitt samtals um 36,5 milljarða í vexti af skuldabréfinu en núvirði vaxtakostnaðarins er um 41,5 milljarð króna ef miðað er við vaxtastig skuldabréfsins til núvirðingar. Hlutdeild Ríkisins í bókfærðu eigin fé hefur aukist um 97 milljarða króna frá stofnun bankans að teknu tilliti til hlutabréfa sem munu renna frá LBI hf. til ríkisins þegar Landsbankinn gefur út skilyrta skuldabréfið. Afkoma ríkisins er því jákvæð um 55 milljarða króna þegar tekið hefur verið tillit til fjármagnskostnaðar.

Efnahagsreikningur

Heildareignir bankans námu 1.085 milljörðum króna í árslok 2012 og lækkuðu þær um 4% á árinu. Meginbreytingar á efnahag Landsbankans á árinu 2012 voru tvennskonar. Annars vegar sala á 75% hlut í dótturfélaginu Reginn hf. sem skilaði Landsbankanum um 1,7 milljarðs króna söluhagnaði og létti um leið á efnahag bankans, en eignir til sölu lækkuðu úr 53,6 milljörðum króna í 25,3 milljarða króna á árinu. Hin meginbreytingin lýtur að samkomulagi sem Landsbankinn hf. og LBI hf. náðu, um að Landsbankinn fyrirframgreiddi fjórðung af höfuðstól svokallaðra A-skuldabréfa sem gefin voru út árið 2010 vegna mismunar á virði yfirtekinna eigna og skulda frá LBI.


³ Miðað við hlutdeild í bókfærðu virði eiginfjár Landsbankans.

Skuldir og eigið fé



- Innlán frá fjármálaþyrftækjum
- Innlán frá viðskiptavinum
- Lántaka
- Skilyrt skuldabréf
- Aðrar skuldir
- Skuldir tengdar eignum til sölu
- Eigið fé

Eignir



- Sjóður og innistæður í Seðlabanka
- Kröfur á lánastofnanir
- Markaðsskuldabréf
- Hlutabréf
- Útlán til viðskiptavina
- Aðrar eignir
- Eignir til sölu

Efnahagsreikningur (m.kr.)	2012	2011	Breyting 2012 %	
Sjóður og innistæður í Seðlabanka	25.898	8.823	17.075	194%
Kröfur á lánastofnanir	64.349	100.133	-35.784	-36%
Markaðsskuldabréf	228.208	221.848	6.360	3%
Hlutabréf	36.881	46.037	-9.156	-20%
Útlán til viðskiptavina	666.087	639.130	26.957	4%
Aðrar eignir	38.044	65.959	-27.915	-42%
Eignir til sölu	25.320	53.552	-28.232	-53%
Samtals	1.084.787	1.135.482	-50.695	-4%

Innlán frá viðskiptavinum	421.058	443.590	-22.532	-5%
Lántaka	221.791	277.076	-55.285	-20%
Skilyrt skuldabréf	87.474	60.826	26.648	44%
Aðrar skuldir	29.687	31.485	-1.798	-6%
Skuldir tengdar eignum til sölu	893	9.385	-8.492	-90%
Eigið fé	225.166	200.244	24.922	12%
Samtals	1.084.787	1.135.482	-50.695	-4%

Lausafjárstaða bankans bæði í íslenskum krónum og erlendri mynt er áfram sterk. Lausafjáreignir námu tæpum 250 milljörðum króna í lok árs 2012. Greiðslugetuhlutfall innlána var 47,9% í árslok samanborið við 43,2% í byrjun ársins, en hlutfallið mælir laust fé sem hlutfall af heildarinnlánum. Fjármálaeftirlitið gerir kröfu um að hlutfallið sé að lágmarki 5%, en bankinn er með eigin markmið um að hlutfallið sé ekki lægra en 20%.

Útlán til viðskiptavina námu 666 milljörðum króna í lok árs 2012 samanborið við 639 milljarða í byrjun ársins og hækkuðu þau um 4% á árinu. Hækkun ársins skiptist í 49 milljarða króna vegna nýrra lána, 20 milljarða króna gengis- og verðbólguáhrif, 13 milljarða króna aukningu vegna sölu á Reginn sem fór út úr samstæðu bankans og 23 milljarða króna virðisaukningu. Á móti þessari hækkun koma 77 milljarðar króna vegna afborgana viðskiptavina bankans.


Útlán

Útlánaþróun ársins er mjög áþekkt og verið hefur undanfarin ár. Það sýnir fyrst og fremst takmarkaða eftirspurn eftir lánsfé og endurspeglar litla fjárfestingu í landinu. Heildarútlán bankans nema nú 666 milljörðum króna.

Útlán til viðskiptavina



Útlán ma.kr.




Vanskil:

Vanskil útlána hjá Landsbankanum hafa minnkað jafnt og þétt, bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum. Í lok árs 2010 námu þau 23,5% en hafa lækkað hratt frá þeim tíma. Heildarvanskil stóðu í 7,8% í árslok 2012.

Helstu tíðindi úr rekstri

- » Í mars samþykkti Fjármálaeftirlitið sölu og yfirfærslu allra sjóða frá rekstrarfélaginu Landsvaka hf. til rekstrarfélagsins Landsbréfa hf. Söluverðið nam 530 milljónum króna.
- » Hagræðingaraðgerðir í maí sem fólu í sér sameiningu og lokun útibúa á Austurlandi, Vestfjörðum, Snæfellsnesi og í Reykjavík sem og sameiningu deilda í höfuðstöðvum. Áætlaður sparnaður er 400 milljónir króna á ári.
- » Samningar náðust milli Landsbankans hf. og LBI hf. um að Landsbankinn fyrirframgreiði fjórðung af höfuðstól svokallaðra A–skuldaþréfa sem gefin voru út árið 2010 vegna mismunar á virði yfirtekinna eigna og skulda frá LBI. Fyrirframgreiðslan var að jafnvirði rúmlega 73 milljarða króna í evrum, dollurum og pundum.
- » Í júní úrskurðaði úrskurðarnefnd um fjárhagslegt uppgjör vegna yfirtöku á SpKef að ríkið skyldi greiða Landsbankanum 19,2 milljarða króna. Landsbankinn gjaldfærði 2,9 milljarða króna vegna yfirtökuunnar.
- » Í júní seldi Landsbankinn 75% hlut í Reginn hf. í almennu hlutfjárútbóði. Eignarhaldsfélag Landsbankans hélt eftir 25% hlut.
- » Í júní lauk sölu allra lífvænlegra fyrirtækja í óskyldum rekstri sem Landsbankinn fékk yfirráð yfir í kjölfar rekstrarerfiðleika þeirra. Bankinn hefur lækkað verðmæti eigna til sölu um nálega 100 milljarða króna á síðustu tveimur árum.
- » Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) samþykkti í júlí ríkisaðstoð þá sem veitt var til endurskipulagningar á Landsbankanum í kjölfar hruns fjármálakerfisins á Íslandi árið 2008.
- » Landsbankinn hf. kynnti í september nýjar áherslur í stefnu Landsbankans til ársins 2015. Samhliða nýjum stefnuáherslum gerði Landsbankinn talsverðar breytingar á skipulagi bankans sem tóku gildi 1. október. Eftir breytingarnar fækkaði sviðum bankans úr nú í sjö.
- » Í september var tilkynnt um að útibú Landsbankans í Reykjanesbæ og afgreiðslur bankans í Garði og Vogum yrðu sameinuð á einn stað. Sameinuð starfsemi útibúsins verður til húsa í Reykjanesbæ. Áfram verður rekin afgreiðsla í Sandgerði.
- » Fjármálaeftirlitið veitti í september Landsbréfum sem er dótturfélag Landsbankans, leyfi til eignarstýringar. Landsbréf mun sjá um rekstur og stýringu eigna Horns, sem einnig er dótturfélag Landsbankans.
- » Í desember var afgreiðsla Landsbankans í Holtagörðum lokað og sameiningu útibúsins við útibúið Laugavegi 77 lokið. Sameinað útibú hefur nú flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði við Borgartún.

Próun vanskila (> 90 daga)



■ 90 daga vanskil